


Nr.: GÁT-040	Verkmenntaskóli Austurlands	
Útgáfa: 1		
Dags.: 3/9/2021	Fundargerð skólanefndar	
Höfundur: ÞÓJ		
Samþykkt: Skólameistari		
Síða 1 af 3		


Dags.: 1.11.2023	Tími: 16:30	Staðsetning: Stofa 4	Fund boðaði: Eydís
------------------	-------------	----------------------	--------------------

Mætt:	Eydís Ásbjörnsdóttir, Unnur Ása Atladóttir, Birgir Jónsson, Sigurborg Hákonardóttir, Hlöðver Hlöðversson, Pálína Margeirsdóttir, Hjördís Helga Seljan Þóroddsdóttir, Ingibjörg Þórðardóttir, Karen Ragnarsdóttir Malmquist, Þórður Vilberg Guðmundsson formaður og Amelía Rán Ægisdóttir
Fjarverandi:	Sævar Örn Arngrímsson tilkynnti forföll

Dagskrá:

1. Tölulegar upplýsingar haustannar
2. Fjármál
3. Fab Lab
4. Fyrirhuguð stækkun verknámshús VA
5. NIVA
6. Námsframboð á vorönn 2024
7. Önnur mál

nr.	Fundargerð dagskrárliðs
1	Unnur Ása fór yfir nemendatölur haustannar 2023. Það fjölgar aðeins í dagskólanum, svipað og síðustu annir í fjarnáminu og fjölgar umtalsvert í dreifnámi/helgarnámi. Þar eru 76 nemendur en til samanburðar voru 28 nemendur á vorönn 2023. Það var farið af stað með 2 hópa í helgarnáminu í húsasmíði sem er ánægjulegt og gengur það mjög vel. Það fækkar aðeins í hópi sjúkraliðanema með heimaskóla í VA en síðustu tvö ár hafa útskrifast stórir hópar frá skólanum. Karen spyr hvað útskýri þetta. Unnur bendir á að fleiri fari í raunfærnimat sem útskýrir þetta að hluta en einnig hafi aðeins fækkað í hópnum.
2	Eydís og Sigurborg fara yfir fjármál skólans. Samkvæmt fjárlögum sem eru til umræðu á Alþingi er heildarfjárheimild skólans 570.5 milljónir fyrir árið 2024. Fjárfestingaframlag er 12.3 milljónir og gert er ráð fyrir rekstartekjum upp á 47.1 milljón. Þessar tölur miðast við 180 ársnemendur. Skólinn þarf 200 ársnemendur og að hver nemandi haldi verðgildi sínu og hefur þingmönnum kjördæmisins verið gerð grein fyrir því.
3	Eydís greinir frá því að samningurinn um rekstur Fab Lab smiðjunnar sé að renna út um áramótin. Verkefnastjóri smiðjunnar hætti störfum í lok sumars og ákveðið var að auglýsa ekki eftir nýjum fyrr en það lægi fyrir að nýr samningur yrði gerður. Nú liggur fyrir að gerður verður nýr samningur og fjármagn tryggt. Fljótlega verður því auglýst eftir verkefnastjóra sem verður með aðeins öðru sniði en áður.

Nr.: GÁT-040	Verkmenntaskóli Austurlands	
Útgáfa: 1		
Dags.: 3/9/2021		
Höfundur: ÞÓJ	Fundargerð skólanefndar	
Samþykkt: Skólameistari		
Síða 2 af 3		

Hjördís spyr hvort það liggi fyrir hversu langur samningurinn verður. Eydís segir að það liggi ekki fyrir en vonandi verði það lengur en þau þrjú ár sem hafa verið.

Karen spyr um hvort tækjakosturinn í smiðjunni hafi verið endurnýjaður. Eydís fer yfir að keypt voru tæki í vor en plássleysið er að há stækkun smiðjunnar.

Þórður spyr hvort það megi eiga von á umsóknum um starfið. Eydís segist vona að það komi umsóknir um starfið og bendir á að umsóknir hafi almennt komið um störf að undanfögnu.

- 4 Eydís fer yfir stöðuna varðandi stækkun verkkenndsluhúss. Það hafa verið haldnir fundir með bæjarstjóra Fjarðabyggðar og þingmönnum kjördæmisins. Stækkunin er á áætlun hjá ráðuneytinu á árinu 2025 og þarf að fara að huga að því að undirbúa hana. Það þarf að huga að deiliskipulagi svæðisins og hefja samtali við sveitarfélögin varðandi kostnaðarskiptinguna.

Þórður leggur áherslu á að við vinnum heimavinnuna okkar vel þannig að það strandi ekki á okkur hérna að eitthvað vanti þegar ríkisvaldið fer af stað.

- 5 Amelía formaður NIVA fer yfir þá viðburði sem nemendafélagið hefur staðið fyrir á önninni. Það er alltaf fótbolti í íþróttahúsinu á þriðjudagskvöldum sem er mjög vel sóttur. Einnig hafa verið viðburðir eins og bílafeluleikur, hryllingshús og lærdómskvöld á vistinni í samstarfi við heimavistarráð. Það hafa verið gerðar nemendafélagspeysur sem eru væntanlegar mjög fljótlega. Einnig stendur fyrir dyrunum að halda ball þann 15. nóvember í Egilsbúð.

Stjórn nemendafélagsins fundar einu sinni í viku og samanstendur af átta fulltrúum nemenda.

Hlökkver spyr út í lærdómskvöldið. Amelía segir að þar hittist nemendur saman á sal heimavistarinnar og læri saman og geti stutt hvort annað. Mætingin hafi verið góð á þennan viðburð.

Amelía fer einnig yfir hlutverk sitt í stýrihóp Gettu betur en skólinn á fulltrúa þar sem í fyrsta skipti í 20 ár. Hún tók á dögnum þátt í fundi þar sem farið var yfir samkomulag keppninnar og kom hún inn mörgum athugasemdum og var tekið tillit til flestra. M.a. verður fastur fulltrúi landsbyggðarinnar í stýrihópi.

Þórður spyr hvernig þátttakan í viðburðum sé almennt. Amelía segir að þátttakan sé yfirleitt góð, sérstaklega í fótboltanum en það sé minni í öðrum en það þurfi að hafa fjölbreytta viðburði til að höfða til ólíkra nemenda.

Ingibjörg spyr hvort einstaklingar af öllum kynjum séu að mæta í fótboltann. Amelía segir að það séu aðallega strákar sem séu að spila en nemendur af öðrum kynjum komi að fylgjast með og oft séu pallarnir fullir af nemendum.

Nr.: GÁT-040	Verkmenntaskóli Austurlands	
Útgáfa: 1		
Dags.: 3/9/2021	Fundargerð skólanefndar	
Höfundur: ÞÓJ		
Samþykkt: Skólameistari		
Síða 3 af 3		

6	<p>Eydís nefnir að í dag hafi opnað fyrir umsóknir í iðnmeistaránám sem verður kennt í samstarfi við Menntaskólann á Ísafirði. Einnig standi til að bjóða upp á smáskipanám og nám fyrir smáskipavélaverði. Þetta nám verður í námskeiðsformi og verður auglýst á næstu dögum og eftirspurnin könnuð. Einnig er búið að opna fyrir umsóknir í dagskóla, fjar- og dreifnám.</p> <p>Karen spyr hvort það séu pláss til staðar í dreifnáminu í rafvirkjun. Eydís nefnir að það sé pláss þar.</p>
7	<p>Karen spyr hvort það verði framhald á verklega valinu fyrir nemendur í 9. og 10. bekk. Það verður framhald á því.</p> <p>Ingibjörg nefnir að það ætti að auka samstarf og samtal við grunnskólana í sveitarfélaginu. Mikilvægt sé að auka samtal milli kennara þannig að við séum öll á sömu blaðsíðu. Þetta hefur verið gert en nokkur ár eru síðan. Eydís nefnir að stjórnendur þurfi að taka þetta upp og skipuleggja.</p> <p>Þórður spyr hvort fólk í skólanum verði vart við það bakslag í réttindabaráttu sem hefur verið greint frá að undanförunu í fjölmiðlum. Eydís, Ingibjörg og Amelía segja að það sé því miður raunin. Þórður spyr einnig hvort skólarnir þurfi ekki að taka höndum saman varðandi þetta. Eydís bendir á þátttöku skólans í samstarfsverkefni Öruggara Austurland en skólinn á fulltrúa í stýrihópi.</p>
8	
9	
10	

Ef við á: Niðurstaða, ákvarðanir teknar, málum vísað áfram, hver ber ábyrgð, tímasetningar, hver fær sendar upplýsingar, tímasetningar og annað sem að tengist dagskrá fundarins.

Fundargerð ritaði: Birgir Jónsson

dags. 1.11.2023

Hvar er fundargerð geymd (og birt ef við á):
Á heimasíðu skólans og í rafrænni málaskrá